

Þriðjudaginn 6. febrúar 1979.

Nr. 8/1977. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana**
(Gunnar Eydal hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Leikarar. Ágreiningur um ákvæði sérkjarasamnings. Yfivinnukaup.

Dómur.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar þ.á., er höfðað með stefnu útgefni 4. október 1977.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Dæmt verði, að þeir leikarar við Þjóðleikhúsið, sem ráðnir eru samkvæmt sérkjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra nr. 3, samningi fyrir A-leikara frá 25. nóv. 1976, og vinna umfram 138 klst. mánaðarlega vinnuskyldu samkvæmt 3. gr. samnings fyrir A-leikara, skuli fá þá vinnu, sem er umfram hina mánaðarlegu vinnuskyldu, greidda sem yfirvinnu, án skerðingar á þegar áunnum álagsstundum samkvæmt 8. gr. sérkjarasamnings Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra nr. 3 frá 25. nóv. 1976 um sameiginleg ákvæði A og B leikara þannig að vinnustundir verði taldar saman eftir því hvenær á útreikningstímabilinu þær eru unnar.
2. Að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Fastráðnir leikarar við Þjóðleikhúsið eru félagsmenn í Starfsmannafélagi ríkisstofnana sem er sóknaraðili málsins og er félagið aðili að kjarasamningum fyrir þeirra hönd á grundvelli 3. mgr. 4.

gr., sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hinn 1. apríl 1976 var gerður aðal-kjarasamningur milli stefnanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stefnda um laun og önnur kjör félagsmanna stefnanda, sem gilda skyldi frá 1. júlí 1976 til 30. júní 1978. Var síðan gengið frá sérkjarasamningum félagsmanna sóknaraðila, þar á meðal sérsamningi nr. 3, sem fjallaði um sérkjaraatriði A og B leikara við Þjóðleikhúsið varðandi vinnutíma, röðun í launaflokka o.fl. Skiptist samningur þessi í þrjá hluta, samning fyrir A-leikara, samning fyrir B-leikara og sameiginleg ákvæði fyrir A- og B-leikara. Ákvæði samnings fyrir A-leikara eru svohljóðandi:

„Fjöldi sýninga

1. gr. - Árslaun fastráðinna leikara Þjóðleikhússins miðast við að leikari taki þátt í allt að 125 leiksýningum á leikári og inni af höndum á því tímabili allt að 1832 vinnustundir (klukkustundir).

Um vinnutíma

2. gr. - Vinnu sína leysa leikarar af hendi sem hér segir:

Heimavinna	456 stundir
Samæfingar og sýningar	<u>1376 stundir</u>

Samtals 1832 stundir.

Til heimavinnu teljast eigin æfingar, yfirlestur og nám hlutverka, og er ætlast til þess að leikari kunni hlutverk sitt með stuðningi hvíslara á 5. æfingu frá samlestri.

Starfsár

3. gr. — Vinna samkvæmt 2. gr. 1. mgr. skal unnin á 43 vikum, sem næst frá lokum ágústmánaðar til júniloka næsta ár á eftir. Skal vinnan innt af hendi þannig, að varið sé allt að 138 stundum til samæfinga og sýninga á hverjum almanaksmánuði.

Leikferðir.

4. gr. — Vinnutími í leikferðum reiknast 10 klst. á dag frá brottfarardegi til heimkomudags, að báðum dögum meðtöldum, enda teljast tímar þessir til vinnuskyldu leikara.

Umframsýningar

5. gr. — Verði leiksýningar fleiri en 125 á leikári, ber leikara yfirvinnukaup fyrir hverja umframsýningu.“

Í samningnum eru einnig sameiginleg ákvæði fyrir A- og B-leikara svohljóðandi:

„Vinnutími á æfingum.

1. gr. - 1. mgr. - Leikara er skylt að mæta til æfinga alla virka daga. Æfing má standa yfir í allt að 4 klst. á dag samfleytt á tímabilinu frá kl. 10.00—16.00. Æfingu skal að öllu jöfnu lokið kl. 14.00 á laugardögum, nema þegar sérstaklega stendur á, svo sem í þeim tilvikum, þegar aukaleikarar og kórþólk á erfitt með að sækja æfingar á öðrum tíma, þá má framlengja hana til kl. 16.00.

2. mgr. - Hver byrjuð æfing, sem skemur stendur en 3 klst. telst standa í 3 klst. (enda sé þannig til hennar boðað). Að öðru leyti telst hver æfing standa í 4 klst.

3. mgr. - Standi æfing lengur en 4 klst. reiknast það sem ný æfing (þ.e. minnst 3 klst.), en greiðist með yfirvinnukaupi (2 yfirvinnustundum), taki leikarinn þátt í sýningu eða æfingu að kvöldi sama dags.

4. mgr. - Auk dagæfinga skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal leikari innan daglegrar vinnuskyldu sinnar taka þátt í 5 kvöldæfingum fyrir hvert leikrit á tímabilinu kl. 20.00—24.00. Æfingar umfram 5 greiðist með yfirvinnukaupi. Æfingar þessar mega aðeins vera 4 kvöld vikunnar, þ.e. frá þriðjudagskvöldi til föstudagskvölds. Ef um er að ræða eina af fjórum síðustu æfingum fyrir frumsýningu er heimilt að hafa hana á mánudagskvöldi.

5. mgr. Þrátt fyrir næstu málgreinar hér á undan skulu þó leyfilegar 10 kvöldæfinga á tímabilinu frá 1. september og fram að fyrstu frumsýningu leikársins (auk hinna 5 kvöldæfinga fyrir hvert leikrit). Gildir þetta jafnt þótt önnur æfing hafi verið um daginn, en samanlagður tími þessara æfinga má þó aldrei fara fram úr 7 klst. á dag. Æfingar þessar mega aðeins vera 4 kvöld vikunnar, þ.e. frá þriðjudagskvöldi til föstudagskvölds.

6. mgr. - Söng- og dansæfing, sem leikari er sérstaklega boðaður til, reiknast 2 klst. Standi slík æfing lengur en 2 stundir en skemur en 3 stundir, skulu 3 stundir reiknast til vinnuskyldu leikarans. Þetta á einnig við um sérstakar styttri æfingar vegna sýninga eða sýningaratriða utan aðalleiksviðs.

7. mgr. - Á hverri 4 klst. æfingu skal gefa 20 mínútna matar- og kaffihlé, sem telst til æfingatímans.

8. mgr. - Leikari skal vera laus frá æfingu minnst 4 klst. áður

en leiksýning hefst, sem honum ber að taka þátt í, nema á laugardögum, þá 3 klst. áður en leiksýning hefst.

9. mgr. - Æfingu skal boða með minnst sólarhrings fyrirvara.

10. mgr. - Frá og með 1. maí ár hvert og til loka leikárs er óheimilt, án samþykkis viðkomandi leikara, að hafa æfingar á laugardögum. Sé frumsýning fyrirhuguð eftir 1. maí skulu þó heimilar æfingar fyrir þá leikara sem taka þátt í þeirri sýningu.

Vinnuskylda

5. gr. - 1. mgr. - Leikara er skylt að leika hvaða dag sem er meðan leikhúsið starfar, nema á mánudögum, þó er leiksýning heimil á 2. í hvítunnu, 2. í páskum, 2. í jólum, beri þann dag upp á mánudag.

2. mgr. - Auk mánudaga eru eftirtaldir dagar undanþegnir sýningarskyldu: Aðfangadagur jóla, jóladagur, gamlársdagur, nýársdagur, föstudagurinn langi, laugardagur fyrir páska, páskadagur, hvítasunnudagur og 17. júní.

3. mgr. - Hver leiksýning reiknast 5 klukkustundir.

4. mgr. - Taki leikari þátt í tveim sýningum sama daginn ber að greiða honum yfirvinnukaup aukalega fyrir aðra sýninguna.

Aukagreiðslur fyrir hlutverk

6. gr. - 1. mgr. - Taki leikari að sér hlutverk með stuttum fyrirvara, skal greiða honum yfirvinnustundir sem hér segir:

	Með minnst	Með minnst
Fyrir	72. st. fyrirv.	48 st. fyrirv.
hlutverk 1—5 bls.	8 stundir	10 stundir
— 6—10 bls.	13 stundir	15 stundir
— 11—20 bls.	15 stundir	20 stundir

Fyrir hlutverk, sem eru lengri en 20 bls., skal gera sérstakt samkomulag, en greiðslur skulu þó aldrei vera lægri en fyrir 23 stundir og 25 stundir.

Taki leikari að sér hlutverk með skemmri fyrirvara en að ofan greinir, skal gera við hann sérstakt samkomulag, einnig ef fyrirvari hans er að einhverju öðru leyti afbrigðilegur.

Taki leikstjóri að sér hlutverk í leikriti, sem hann hefur sjálfur leikstýrt, með stuttum fyrirvara, ber honum engin aukagreiðsla,

ef það á sér stað innan 6 vikna frá frumsýningu, en ella skal hann fá 50% af þeirri aukabóknun, sem um er getið hér að ofan.

Yfirvinna

7. gr. 1. mgr. - Öll vinna, sem innt er af hendi umfram vinnuskyldutíma, telst yfirvinna og greiðist sem slík í samræmi við 11. gr. aðalkjarasamnings BSRB frá 1. apríl 1976.

Álag á afbrigðilegan vinnutíma

8. gr. - 1. mgr. - Á alla vinnu við samæfingar og sýningar, er telst til árlegrar vinnuskyldu og unnin er utan tímabils frá 10.00—17.00 mánudaga—laugardaga eða á frídögum skv. 15. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB, skal greiða álag, sem er jafnhátt vaktaálagi.

Gildistími

Um gildistíma samnings þessa fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1976“

Í samþykkt, sem gerð var á fundi leikara Þjóðleikhússins hinn 20. apríl 1977, var meðal annars talið að sá útreikningur á vaktaálagi, sem viðgengist hafði undanfarin ár, væri brot á kjarasamningum leikara. Var þess og krafist að útreikningur þessi yrði leiðréttur.

Í bréfi, sem sóknaraðili ritaði stefnanda 22. apríl 1977, var óskað eftir að stefnandi tæki upp viðræður við stefnda um ágreining, sem risið hafði um útreikning á daglegri vinnuskyldu og álagsgreiðslur leikara við Þjóðleikhúsið, því ítrekaðar samkomulagstilraunir sóknaraðila og stefnda hefðu ekki borið árangur. Vildu leikarar ekki una því að yfirvinnustundir, sem unnar væru eftir að leikari hefði skilað mánaðarlegri vinnuskyldu sinni, kæmu til frádráttar vaktaálagsstundum og kröfðust leiðréttingar á þessu.

Í bréfi fjármálaráðuneytis hinn 12. maí 1977 var tekin afstaða til ágreinings þessa. Kemur þar fram að við uppgjör launa hafi Þjóðleikhúsið haft þá reglu að telja fyrst þær stundir, sem unnar eru á mánuði hverjum innan tímabilsins kl. 10.00—17.00 mánudaga—laugardaga, að undangengnum frídögum, en síðan stundir utan þess tímabils þar til náð sé eftir atvikum 138 eða 153 stundum. Stundir utan kl. 10.00—17.00 mánudaga—laugardaga séu greiddar með

álagi. Eftir að náð sé tilskyldum stundafjölda, sem skilað skuli gegn föstum mánaðarlaunum, sé greidd yfirvinna. Taldi ráðuneytið þennan uppgjörsmáta Þjóðleikhússins réttan og taldi engin ákvæði í samningum við leikara gefa tilefni til að vefengja hann. Ætti þessi uppgjörsmáti og stuðning í þeirri tilhögun, sem hefði verið við höfð árum saman og hefði aldrei gefið tilefni til athugasemda af hálfu sóknaraðila í samningum við stefnda.

Á fundi samstarfsnefndar 15. maí 1977 kom fram sú afstaða að ekki væri unnt að fallast á þær útreikningsaðferðir, sem leikarar vildu leggja til grundvallar útreikningi á launum sínum. Samkvæmt tilmælum leikara við Þjóðleikhúsið óskaði sóknaraðili eftir því, að stefnandi höfðaði mál út af framangreindum ágreiningi fyrir Félagsdómi.

Í bréfi Ívars H. Jónssonar, skrifstofustjóra Þjóðleikhússins, dags. 12. apríl 1978, er gerð grein fyrir grundvelli launaútreiknings leikara við stofnunina. Segir þar svo:

I.

„Fram til hausts 1971 sátu leikarar fastráðnir við Þjóðleikhúsið ekki nema að litu leyti við sama borð og þorri annarra starfsmanna í þjónustu ríkisins. Með sérsamningum seint á árinu 1971 var vinnuskylda leikaranna ákveðin, daglegur vinnutími o.s.frv. Árslaun leikara A voru t.d. miðuð við að 1982 vinnustundum yrði skilað á 10 mánuðum (einu leikári), þar af 1376 stundum í leikhúsinu við æfingar og sýningar. Vegna sérstöðu leikhússins og sveiflna í vinnu leikara frá einum mánuði til annars var talið eðlilegt að vinnuskylda leikaranna væri miðuð við mánuð en ekki viku, þ.e. A-leikari átti að verja allt að 138 stundum til samæfinga og leiksýninga á hverjum almanaksmánuði.

Í samræmi við þetta samningsákvæði og þá meginreglu að álagsgreiðslur skuli aldrei inntar af hendi jafnframt yfirvinnukaupi fyrir sama vinnutímann, var upp tekinn í fullu samráði við þáverandi launaskráritara, Steingrím Pálsson, sá uppgjörsmáti sem gilt hefur allt til 13. nóvember s.l. Þessi uppgjörsmáti er í stuttu máli fólgin í því, að lagðar eru saman allar vinnustundir við komandi leikara við sýningar og æfingar í hverjum mánuði (reikningsmánuður leikhússins er frá 13. hvers mánaðar til 12. næsta mánaðar) og yfirvinna reiknuð á tímuna sem umfram eru 138 st. mánaðarlegu vinnuskylduna. Jafnframt eru að sjálfsögðu höfð í huga önnur samnings-

ákvæði, t.d. um greiðslu fyrir síðari dagæfingu ef leikari tekur þátt í sýningu um kvöldið, kvöldæfingar umfram 5, síðari leiksýningu sama daginn o.s.frv. og kemur þá oft til greiðslu yfirvinnukaups til leikara þó að þeir skili ekki fullum stundafjölda vinnuskyldunnar. Álagstímar hvers dags eru allir lagðir saman í mánaðarlok, þ.e. fleiri eða færri sömu tímar og falla undir heildarvinnustundafjöldann. Álags- og yfirvinnutímar sem til greiðslu koma geta því aldrei orðið fleiri saman lagðir en mesti tímafjöldi annaðhvort álagsstunda eða yfirvinnustunda, *nema* tvöfaldar greiðslur (yfirvinnukaups og álagsgreiðslur) komi fyrir sömu unnu stundirnar.

II.

Með kjarasamningum þeim, sem undirritaðir voru 25. október 1977 urðu talsverðar breytingar á samningsákvæðum leikara A og B við Þjóðleikhúsið. Mánaðarleg vinnuskylda B-leikara við samæfingar og sýningar var þannig færð úr 153 stundum í 147, en hélst óbreytt 138 stundir hjá A-leikurum, og jafnframt var skotið inn nýju ákvæði um vikulegt viðmiðunarpak innan hvers mánaðar, þ.e. mánaðarleg vinnuskylda til samæfinga og sýninga skal eigi vera meiri en 45 stundir á viku.

Vegna þessara breyttu og nýju samningsákvæða og ýmissa annarra, t.d. um mismunandi álagsgreiðslur o.fl. var óhjákvæmilegt að taka í notkun ný vinnuskýrsluform. Var svo gert, bæði að því er varðar leikara og annað starfsfólk (sbr. meðfylgjandi sýnishorn og ljósrit). Vinnuskýrsluform leikara er til reynslu enda alger nýbreytni sem forystumenn Félags íslenskra leikara hafa fallist á fyrir sitt leyti. Sá háttur er hafður á að hver starfsmaður (leikarar þar með taldir frá og með 13. nóvember s.l.) færir vinnuskýrslu fyrir sig, en síðan á viðkomandi deildarstjóri — sýningarstjóri að því er leikara varðar að fara yfir skýrslurnar, bera saman við sínar færslur og vinnuböð og staðfesta með undirskrift sinni að skýrslurnar séu rétt færðar. Það skal fram tekið að vinnuskýrsluform það sem upp var tekið á s.l. hausti að því er varðar aðra starfsmenn en leikara, var sýnt starfsfólki launadeildar áður en það var tekið í notkun, en ekki vinnuskýrsluform leikaranna, enda það tekið upp til reynslu um óákveðinn tíma eins og fyrr var sagt.

Undirritaður fer sem jafnan áður yfir vinnuskýrslur leikara og ég hef ekki séð ástæðu til — síðan nýja formið var tekið upp 13. nóvember s.l. að beita gamla reikningsmátanum, enda verður hon-

um vart við komið lengur óbreyttum vegna hinna nýju áður nefndu samningsákvæða. Auk þess hefði það engu breytt um fjölda álags-tíma hjá leikurum á fyrsta reikningstímabilinu eftir breytingu upp-gjörsmátans.“

Krafa stefnanda er studd þeim rökum, að vinnutími fastráðinna leikara Þjóðleikhússins sé á ýmsan hátt frábrugðinn því, sem gerist um aðra félagsmenn sóknaraðila, hvort sem litið sé til þeirra, sem vinna reglubundna dagvinnu eða þeirra, sem vinna á vinnuvöku. Eðli sínu samkvæmt hljóti hluti vinnu leikara að fara fram á kvöld-in og hafi það vinnuálag, sem leiksýningum fylgir, leitt af sér ýmsar sérreglur varðandi vinnutíma leikara að deginum við æfingar og heimavinnu. Um leikara gildi og sérákvæði á öðrum sviðum. Geti vinnutími þeirra verið mjög mismunandi milli vikna og mánaða. Þessar sveiflur hafa leitt til þess að viðmiðun vinnuskyldu sé ekki vikuleg, sem sé meginregla laga nr. 88/1971, heldur sé miðað við ákveðna mánaðarlega vinnuskyldu á þann hátt, að leikhúsinu sé heimilt að flytja vinnuskylduna til milli vikna. Ágreiningur máls þessa varði útreikning vinnutíma í þeim tilvikum, þegar unnið er umfram hina mánaðarlegu vinnuskyldu, þ.e. hvaða vinnustundir skuli teljast yfirvinna og hvort yfirvinna umfram hina mánaðarlegu vinnuskyldu skuli hafa áhrif á þegar unnar álagsstundir innan marka vinnuskyldunnar. Stefndi telji, að til dagvinnuskyldu leikara skuli fyrst telja þær stundir, sem unnar eru á mánuði hverjum innan tímabilsins kl. 10—17 mánudaga—laugardaga, að undanskildum frídögum, en síðan komi stundir utan þess tímabils þar til 138 stundum er náð. Vinnustundir utan kl. 10—17 mánudaga—laugar-daga greiðist með álagi. Eftir að náð sé tilskildum stundafjölda, sem skila skal gegn föstum mánaðarlaunum skuli umframstundir greiddar með yfirvinnukaupi. Sé unnið umfram hina mánaðarlegu vinnuskyldu leiði útreikningsaðferð stefnda til þess að þegar áunnum álagsstundum fækki eftir því sem vinnuálagið er umfram vinnuskylduna. Þessi útreikningsaðferð eigi sér ekki hliðstæðu í öðrum kjarasamningum eða við launaútreikning annarra starfsmanna ríkis-ins. Stefndandi liti hins vegar svo á, að þegar leikarar hafi lokið hinni mánaðarlegu vinnuskyldu sinni skuli öll vinna umfram hana teljast yfirvinna og ekki hafa nein áhrif á yfirvinnu eða álagstundir, sem starfsmaður hefur þegar áunnið sér innan marka vinnuskyldunnar. Af hálfu stefnanda kemur fram að í 1. mgr. 8. gr. aðalkjarasam-

ingsins frá 1. apríl 1976 hafi verið veitt heimild til að semja við aðildarfélög í sérkjarasamningum um flutning vinnuskyldu milli vikna og árstíma. Um slík frávik hafi verið samið í 3. gr. sérkjarsamnings sóknaraðila og stefnda fyrir A-leikara, en í 2. gr. samnings þessa sé nánar greint hvernig leikarar skuli leysa vinnu sína af hendi. Hafi verið samið um að viðmiðun vinnuskyldunnar skuli vera 138 stundir hvern mánuð. Í ákvæði þessu felist að útreikningur yfirvinnu skuli vera með öðrum hætti en gildir um þá, sem hafa vikulega viðmiðun vinnuframlags. Þá er bent á, að vinnuframlag starfsmanna sé talið misjafnlega verðmætt í kjarasamningum og fari það m.a. eftir því á hvaða tíma vinnan sé innt af hendi. Þannig sé sérstakt álag greitt fyrir þann tíma, sem unninn er utan svo nefndra dagvinnumarka, sem greind eru í 1. mgr. 9. gr. aðalkjarsamnings stefnanda og stefnda.

Samkvæmt því skuli greiða fyrir skylduvinnu dagvinnumarka álag vegna afbrigðilegs vinnutíma skv. 1. mgr. 14. gr. Nánari ákvæði um álag á afbrigðilegan vinnutíma séu í 8. gr. sérkjarasamnings sóknaraðila og stefnda. Ekki sé að finna neina undantekningu frá þessari reglu og eigi hún við um alla vinnu leikara, sem unnin sé utan greindra tímamarka þegar skylduvinna er innt af hendi. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. aðalkjarsamnings stefnanda og stefnda teljist sú vinna yfirvinna, sem fram fer utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vinnuvöku starfsmanna, svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu, þótt á dagvinnutímabili sé. Samkvæmt því geti yfirvinna verið unnin með tvennum hætti. Í fyrra tilvikinu, ef unnið er utan tilskilins daglegs vinnutíma, en almennt sé starfsmanni ljóst með tilteknum fyrirvara, hvenær dags hann skuli inna vinnuskyldu sína af hendi. Í öðru lagi teljist yfirvinna sú vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnuskyldu, þótt á dagvinnutímabilinu sé. Með síðari tilvikinu sé það staðfest, að yfirvinna geti verið unnin á dagvinnutímabilinu, ef tiltekinni vinnuskyldu hafi veri skilað. Þó samið hafi verið um aðra viðmiðun í sérkjarasamningi en 40 stunda vinnuviku, eigi þetta ákvæði einnig við innan þeirra viðmiðunarmarka, sem þar eru notuð. Breyti þar engu um hvort samið sé um tveggja vikna viðmiðun, 80 stundir eða mánaðarlega viðmiðun eins og gert var í sérkjarasamningi þeim, sem fjallað er um í máli þessu. Hljóti ákvæði 1. mgr. 10. gr. aðalkjarsamnings stefnanda og stefnda að verða beitt með lögjöfnun um

Þetta atriði þar sem miðað sé við mánaðarlegan vinnutíma, því að öðrum kosti sé varpað fyrir róða þeim vinnuverndarsjónarmiðum, sem liggja að baki slíku ákvæði. Þá er bent á af hálfu stefnanda, að í sérkjarasamningi sóknaraðila og stefnda séu ýmis önnur ákvæði um það hvenær yfirvinna er unnin, svo sem í 3. mgr. 1. gr. sameiginlegra ákvæða fyrir A- og B-leikara, 4. mgr. 1. gr., 4. mgr. 5. gr. og 6. gr. Sé fráleitt að yfirvinnugreiðslur þessar samkvæmt samningsákvæðum geti valdið frádrætti í vaktaálagi, sem leikari hefur þegar áunnið sér innan hinnar 138 stunda mánaðarlegu vinnuskyldu. Sama eigi við um yfirvinnu, sem unnin er umfram þessa mánaðarlegu vinnuskyldu. Eigi túlkun stefnda, sem fram komi í bréfi fjármálaráðuneytis frá 12. maí 1977, sér enga stoð í ákvæðum kjarasamninganna. Er því haldið fram, að vinnustundir allra annarra starfsmanna Þjóðleikhússins, sem vinna á sömu tímum og leikarar, séu metnir í samræmi við kröfur stefnanda, þ.e. í þeirri röð, sem þær eru unnar. Séu engin rök til að meta vinnu leikara eftir öðrum reglu. Þá er því haldið fram að til skamms tíma hafi ekkert komið fram á launaseðlum leikara um það fyrir hvaða vinnu væri verið að greiða, og hafi sundurliðun frádráttarliða verið mjög takmörkuð. Er úr þessu hafi verið bætt með nýjum launaseðlum á miðju ári 1976, hafi starfsmönnum þeim, sem hér um ræðir, fyrst verið ljóst, að væri vinnuálag mikið á ákveðnu tímabili og yfirvinna mikil urðu álagsstundir að sama skapi færri. Er farið var að spyrjast fyrir um þetta hafi fengist skýringar, sem verið hafi í samræmi við túlkun stefnda. Árangurslausar viðræður við forsvarsmenn stefnda hafi svo leitt til fundarsamþykktar leikara og málareksturs þessa. Hafi því verið hafist handa um leiðréttingu þegar er leikarar gátu gert sér grein fyrir framkvæmd stefnda á kjarasamningum aðila.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að sú aðferð við útreikning vinnustunda, sem krafist er í kröfugerð stefnanda, eigi sér enga stoð í kjarasamningum aðila, venjum, eðli máls, né öðrum heimildum. Með þeirri framkvæmd, sem beitt hefur verið þ.e. að telja vinnustundir saman eftir því á hvaða tíma sólarhrings þær eru unnar innan mánaðartímabilsins, hafi verið tryggt sú sjálfsagða niðurstaða að vinnustundir, sem raunverulega eru dagvinnustundir, verði taldar sem slíkar. Krafa stefnanda feli hins vegar í sér að launuppgjör leikara verði hagað á þann veg, að vinnustundir þeirra verði taldar saman eftir því hvenær í mánuði þær eru unnar. Er á það

bent, að vinnutími leikara sé að því leyti sérstakur að einungis hluti hans sé innan svonefndra dagvinnumarka, en hluti hans sé utan þeirra, og sé þar fyrst og fremst um að ræða þann tíma, sem fer til sýninga. Einnig sé það óvenjulegt, að vinnuskyldan miðist ekki við vikulegan vinnutíma eins og tíðast sé, heldur mánaðarlegan. Um þetta hafi verið samið sérstaklega í sérkjarasamningi sóknaraðila og stefnda á grundvelli 6. gr. aðalkjarasamnings stefnanda og stefnda, enda veiti lög nr. 88/1971 heimild til slíks. Af hálfu Þjóðleikhússins hafi mánaðarleg viðmiðun í rauninni verið talin of stutt, því ógerlegt sé að sjá fyrir í upphafi eða áætla hvenær sýningum muni ljúka á einstökum verkum. Með mánaðarlegri viðmiðun hafi verið samið um það að heimilt sé að færa vinnuskyldu milli vikna innan tímabilsins, þ.e. að ef dagvinna sé ekki unnin að fullu í einni viku, sem augljóslega geti oft komið fyrir, sé heimilt að fylla upp með vinnu, sem unnin er í annarri viku innan tímabilsins. Eigi stefndi kröfu á því, að fyrir hin föstu mánaðarlaun sé öll vinna, sem unnin er innan dagvinnumarka á tímabilinu, talin þannig, svo fremi sem hún fari ekki fram úr vinnuskyldu, þ.e. 138 stundum. Þannig hafi framkvæmdin verið annars staðar og einnig hjá Þjóðleikhúsinu. Með þessu sé dagvinna launuð sem slík með hinum föstu mánaðarlaunum og komið í veg fyrir að álagsgreiðslur og yfirvinnukaup fari saman. Kröfur stefnanda gangi hins vegar í þá átt, að yfirvinnukaup skuli leggjast ofan á álagsgreiðslur. Slíkur reikningsmáti eigi sér enga hliðstæðu í launakerfi starfsmanna ríkisins eða annars staðar. Er því haldið fram að ákvæði síðari hluta 1. mgr. 10. gr. aðalkjarasamnings stefnanda og stefnda fjalli um allt annað en það, sem um er deilt í máli þessu. Grein þessi hafi verið nær óbreytt í kjarasamningum allt frá árinu 1963. Hafi með ákvæði þessu verið fjallað um það að vikuleg vinnuskylda sé 40 stundir, en hins vegar falli alls 49 stundir á hverri viku innan dagvinnumarka. Ríkisstarfsmaður vinni aldrei meira en 40 tíma í dagvinnu á viku og sú vinna, sem umfram það er unnin innan þessara tímamarka reiknist sem yfirvinna. Sú túlkun, sem stefnandi vilji beita, sé andstæð tilgangi ákvæðisins og veiti ekki heimild fyrir röðun vinnustunda innan viðmiðunartímabilsins, sem stefnandi krefst viðurkenningar á.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að með athugasemdalausri framkvæmd hafi stefnandi og sóknaraðili viðurkennt aðferð þá sem beitt var við talningu vinnustunda leikara og greiðslu fyrir þær. Allt

fram til ársins 1974 hafi launagreiðslur farið fram í Þjóðleikhúsinu og hafi greiðslu fylgt sundurlíðaðir launaútreikningar og allir frádráttarliðir. Hafi því verið auðvelt að fylgjast með hvernig launaútreikningur var framkvæmdur. Þá hafi leikarar haft aðgang að öllum vinnuskýrslum og vinnuútreikningum Þjóðleikhússins. Þegar einstakir menn hafi gert athugasemdir eða óskað upplýsinga hafi þeim verið sýnt hvernig laun voru reiknuð og hafi mótmæli aldrei komið fram fyrr en í byrjun árs 1977. Um áramót 1975—1976 hafi verið tekinn í notkun nýr fullkominn launaseðill og hafi hann því verið í notkun í rúmt ár áður en mótmæli komu fram. Þá hafi sérkjarsamningur um kjör leikara verið gerður í lok nóvember 1976 og bendi ekkert til að það hafi verið ætlun aðila við þá samningsgerð að breyta ríkjandi launauppgjöri í það horf sem nú er krafist. Þótt nokkrir starfsmenn, sem starfa á reglubundnum vinnuvökum fái greidd laun í samræmi við sjónarmið þau, sem hér er haldið fram af hálfu stefnanda, þá skapi það leikurum ekki rétt til launauppgjörs á sama grundvelli. Þá er bent á að sama kröfugerð og fram kemur í þessu máli, hafi komið fram við samningatilaunir aðila á árinu 1977, en verið hafnað af stefnda og hafi sáttanefnd, sem vann að lausn deilu aðila þá, ekki tekið hana upp í sáttatillögu sína.

Álits dómsins:

Sérkjarsamningur sóknaraðila og stefnanda, sem að framan er rakinn, hefur að geyma sérákvæði um vinnuskyldu og vinnutíma leikara og álag á afbrigðilegan vinnutíma.

Í 2. gr. sérsamnings fyrir A-leikara er kveðið á um að þeir leysi vinnu sína af hendi með heimavinnu, samæfingum og leiksýningum. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. sameiginlegra ákvæða fyrir A- og B-leikara er þeim skylt að mæta til æfinga alla virka daga og er aðalreglan, að æfingar fari fram á tímabilinu frá kl. 10.00—16.00. Í 4. mgr. 1. gr. kemur þó fram, að auk æfinga samkvæmt 1. mgr. skuli leikarar taka þátt í 5 kvöldæfingum fyrir hvert leikrit á tímabilinu 20.00—24.00 og teljist þessar æfingar til vinnuskyldunnar. Samkvæmt eðli málsins fara leiksýningar yfirleitt fram á kvöldin og á sunnudögum. Ekki verður ráðið af ákvæðum þeim, sem hér hafa verið greind, öðrum ákvæðum greindra kjarasamninga eða aðal-kjarasamningi stefnanda og stefnda, að einn þáttur vinnu leikara skuli talinn öðrum framar. Verður því að líta svo á, að þegar taldar

eru saman vinnustundir leikara, sem starfa samkvæmt A-samningi, sé rétt að telja þær í þeirri röð, sem þær eru unnar. Þykir það leiða til þess, að yfirvinna, sem unnin er eftir að mánaðarlegri vinnuskyldu er fullnægt, eigi ekki að hafa áhrif á útreikning vinnustunda innan vinnuskyldunnar.

Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að ekki væri ætlað til og ekki eigi að felast í kröfugerðinni í málinu, að álag og yfirvinna reiknist á sömu vinnustund.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á að sóknaraðili hafi fyrirgert rétti til að hafa uppi dómkröfur máls þessa, þótt mótmæli hafi ekki komið fram fyrr en raun varð á.

Eins og öllum atvikum málsins er háttað þykir samningsgerð aðila á árinu 1977 eftir að mál þetta var höfðað heldur ekki standa í vegi fyrir því, að sóknaraðili eigi rétt á að fá dómsúrlausn um ágreiningsefnið.

Þykir því rétt að taka kröfur stefnanda til greina þannig, að skýra beri ákvæði sérkjarasamnings Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fyrir A- og B-leikara frá árinu 1976 svo, að leikarar sem ráðnir eru samkvæmt samningi fyrir A-leikara og vinna umfram 138 klst. mánaðarlega vinnuskyldu samkvæmt 3. gr. samningsins, skuli fá þá vinnu, sem er umfram hina mánaðarlegu vinnuskyldu, greidda sem yfirvinnu, án skerðingar á þegar áunnum álagsgreiðslum samkvæmt 8. gr. samningsins.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson, Arnljótur Björnsson, Þorsteinn Thorarensen, Guðmundur Vignir Jósefsson og Örlygur Geirsson.

D ó m s o r ð:

Skýra ber ákvæði sérkjarasamnings Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs fyrir A- og B-leikara frá árinu 1976 svo, að leikarar, sem ráðnir eru samkvæmt samningi fyrir A-leikara og vinna umfram 138 klst. mánaðarlega vinnuskyldu samkvæmt 3. gr. samningsins, skuli fá þá vinnu, sem er umfram hina mánaðarlegu vinnuskyldu, greidda

sem yfirvinnu, án skerðingar á þegar áunnum álagsgreiðslum samkvæmt 8. gr. samningsins.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 22. mars 1979.

Nr. 4/1978. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Ágreiningur um það hvort dómari í Félagsdómi eigi að víkja sæti. Sératkvæði.

Úrskurður.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 16. þ.m., er höfðað með stefnu útgefni 4. desember 1978.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að eftirfarandi ríkisstarfsmenn, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, skuli um kaup og önnur starfskjör fara eftir aðalkjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og öðrum þeim kjarasamningum, sem aðildarfélög bandalagsins standa að:

a: Sumarafleysingarfolk.

b: Starfsmenn, sem ráðnir eru hluta úr ári vegna tímabundinna verkefna.

c: Starfsmenn, sem ráðnir eru til starfa án heimilda samkvæmt lögum nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

2. Að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara krefst stefndi þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þrautavarakrafa stefnda er sú að hann verði sýknaður af kröf-